

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Theódórs Johnson“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. apríl 1980. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá
fyrir „Minningarsjóð Theódórs Johnson“.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Theódórs Johnson“. Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands og er varsla sjóðsins og ávöxtun í höndum hans.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru eignir þær, sem ánaðnar voru af Theódór Johnson, hóteltjóra, Reykjavík, með erfðaskrá hans dags. 25. mars 1965. Samkvæmt yfirliti, sem er fylgiskjal með skipulagsskrá þessari, nema þær kr. 22.537.515.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða og árlega skal leggja við hann 1/3 hluta af árstekjum sjóðsins.

4. gr.

Þeim tekjum, sem ekki skal leggja við höfuðstól skv. 3. gr., skal varið til að styrkja efnilega en efnalitla stúdenta, einn eða fleiri, til náms við Háskóla Íslands eða til framhaldsnáms erlendis að loknu námi við Háskóla Íslands. Heimilt er að úthluta í einu lagi tekjum fleiri ára. Auglýsa skal eftir umsóknum úr sjóðnum og skal úthlutun fara fram á afmælisdegi Theódórs Johnson, 22. janúar.

5. gr.

Gera skal reikninga sjóðsins ár hvert og skulu niðurstöður þeirra hirtast í árbók Háskólans. Reikningarnir skulu endurskoðaðir með sama hætti og reikningar annarra háskólasjóða.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún síðan prentuð í B-deild Stjórnartíðinda og Árbók Háskólans.